

9. gr.

Reikningsár stofunnar er almanaksárið. Ársreikningar skulu vera í samræmi við almennar, viðurkenndar reikningsskilavenjur og endurskoðaðir samkvæmt ákvæðum laga.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta með samþykki fjögurra stjórnarmanna. Sama gildir ef stofan er lögð niður og ganga þá eignir hennar til Skaftárhrepps sem ráðstafar þeim í samræmi við markmið og hlutverk stofunnar, sbr. 4. gr.

Staðfestingar dómsmálaráðherra skal leita á skipulagsskrá þessari og breytingum sem kunna að verða gerðar á henni.

11. gr.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár fyrir Kirkjubæjarstofu sem staðfest var af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 20. október 1997.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 25. október 2002.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

REGLUR

um breytingu (12) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

1. gr.

Tólfta málsgrein 114. gr. reglnanna, sem fjallar um kennslugreinar, prófgráður og námsgreinar í félagsvísindadeild, breytist og verður svohljóðandi:

M.A.-nám í uppeldis- og menntunarfræði er sérstaklega skipulagt 45 eða 60 eininga nám að loknu B.A.-prófi eða sambærilegu háskólaprófi. Námið samanstendur af skipulögðum námskeiðum og lokaritgerð. Heimilt er að bjóða upp á ólíkar námslínur samkvæmt nánari ákvörðun félagsvísindadeildar.

2. gr.

Þrettánda málsgrein 114. gr. reglnanna, sbr. 1. gr. reglna nr. 182/2001, fellur niður.

3. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 24. september 2002.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.